

Skipulagslýsing

Skv. 1.mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Helstu viðfangsefni og áherslur

Deiliskipulag athafnasvæðis við Mölvík. Deiliskipulagssvæðið er afmarkað með blári liðu á loftmynd og aðalskipulagsupprætti. Stærð skipulagssvæðisins er um 52 ha og afmarkast af mörkum athafnasvæðis í aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020. Til suðurs afmarkast svæðið af hafi. Umhverfis athafnasvæðið er opíð óbyggt svæði. Nesvegur sker svæðið í norður og suðurhluta. Aðkoma að svæðinu er frá Nesvegi. Á svæðinu hefur verið starfrækt fiskeldisstöð en nokkuð er síðan starfsemi þar var lögð niður.

Gert er ráð fyrir tiltölulega lágreistri byggð og boðið verði upp á misstórar lððir og byggingarreiði.

Fyrirliggjandi stefna og forsendur

Deiliskipulagstíllagan er unnin á grundvelli aðalskipulags Grindavíkur 2000-2020. Svæðið er skilgreint sem athafnasvæði og svæði fyrir fiskeldi. Endurskoðun aðalskipulags Grindavíkur 2010-2030 er í vinnslu og var auglýst skv. 1. mgr. 18. gr. Skipulags og byggingarlagarla nr. 73/1997 á tímabilinu frá 9. apríl til 23. maí 2011. Í endurskoðuðu aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði sem teygir sig áfram til vesturs.

Deiliskipulagið er unnið með það að megin markmiði að uppfylla þá stefnu aðalskipulags að stefnt skul að fjölbreyttu atvinnuliffi á sem flestum svíðum. Til þess er nauðsynlegt að bæjarfélagið geti boðið þeim fyrirtækjum sem hyggjast starfa í sveitarfélagini upp á tilbúið grunnkerfi s.s. lóðir og samgöngukerfi. Einnig er þörf á að deiliskipuleggja svæðið þar sem áætlað er að ljósleiðaratenging við Evrópu og N-Ameriku verði tekin á land á svæðinu. Til þess að fyrirteki geti sótt um og fengið starfsleyfi á grundvelli laga nr 7/1998 og reglugerðar 785/1999 þarf að vera á svæðinu gildandi deiliskipulag.

Samkvæmt nágildandi skipulagi er svæðið allt á náttúruverndaráætlun og vatnsværndarsvæði, 3. fl. Samkvæmt endurskoðuðu aðalskipulagi verður aðeins hluti svæðisins innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Fornleifaskráning var gerð á svæðinu árið 2002 af Fornleifastofnun Íslands og er ein fornleif staðsett innan skipulagssvæðisins. Ekki er gert ráð fyrir röskun fornminja. Landeigandi alls svæðisins er ríkið.

Kynning og samráð

Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun til umsagnar. Einnig verður óskað umsagna frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Fornleifarvernd ríkisins, Umhverfisstofnun og umhverfisnefnd Grindavíkurbæjar.

Skipulagslýsing verður auglýst og tekið við athugasemdum vegna hennar. Deiliskipulagstíllagan verður auglýst skv. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Öllum er heimilt að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma og verður öllum athugasemdum svarað skriflega.




Afmörkun deiliskipulagsreits. Loftmynd: Samsýn ehf

Skipulagsferli, kynning og samráð

Drög að skipulagsferli

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum birt með fyrirvara um breytingar.

- | | |
|-----------------|---|
| -September 2011 | Lýsing á skipulagsverkefni send Skipulagsstofnun til umsagnar |
| -September 2011 | Lýsing á skipulagsverkefni auglýst í Tíðindunum og á heimasíðu Grindavíkurbæjar |
| -September 2011 | Afgreiðsla bæjarstjórnar á deiliskipulagstillögu vegna heimildar til forauglýsingar |
| -Október 2011 | Forkynning deiliskipulagstillögu |
| -Október 2011 | Afgreiðsla bæjarstjórnar á deiliskipulagstillögu vegna heimildar til auglýsingar |
| -Nóvember 2011 | Auglýsing deiliskipulagstillögu |
| -Janúar 2012 | Samþykkt deiliskipulags í skipulags- og byggingarnefnd og bæjarstjórn |
| -Janúar 2012 | Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun |
| -Febrúar 2012 | Gildistaka deiliskipulagsins auglýst |



Úr aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020

SAMÞYKKTIR

Skipulagslýsing þessi var samþykkt í

Skipulags- og byggingarnefnd:

þann 2011

Bæjarstjórn:

þann 2011

Tillagan var auglýst frá 2011

með athugasemdaresti til 2011

GRINDAVÍK

ATHAFNASVÆÐI VIÐ MÖLVÍK SKIPULAGSLÝSING

Tillaga		Utgáfa
Delliskipulagsteikning.dgn	Mælikvarði	Blaðstærð
	1:6000	A3
Unnið fyrir Grindavíkurbæ	Dags.	Teiknað af BDI
26.08.2011		